

Fundargerð 2. fundar stjórnar Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2010-2011

Fundurinn var haldinn, 24. mars 2010 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, í fundarherbergi á 2. hæð. Mættir voru allir aðalmenn stjórnar: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Finnur Friðriksson, Rósa Gunnarsdóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 14:00. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliði:

1. Mat á úthlutunarferlinu 2009-2010

Umsýsluaðili lagði fram árskýrslu um rekstur Sprotasjóðs en skýrslan er unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Skýrslan var rædd stuttlega og komu stjórnarmenn fram með ábendingar um að bæta mætti inn nánari upplýsingum um umsóknir tímabilsins þ.e. hvernig þær dreifðust eftir landshlutum og hver væri heildarstyrkuppþæð sem sótt hefði verið um til Sprotasjóðs fyrir skólaárið 2009-2010.

Formaður stjórnar vakti máls á því að ef til vill væri gott fyrir sjóðinn að vita af þeim nefndum sem einnig eru að úthluta til verkefna á mismunandi skólastigum. T.d þeirrar nefndar sem er að úthluta til þróunarverkefna í framhaldsskólum. Það sama ætti einnig við þær úthlutanir sem fara fram hjá sveitastjórnarstiginu til þróunarverkefna leik- og grunnskóla. Stjórnin taldi hins vegar að ekki væri mikil hættu að skörun yrði á milli þessara sjóða en þó væri ágætt að stjórnin væri meðvituð um hvað væri verið að úthluta annars staðar.

Því næst var rætt um hvað þyrfti að taka til endurskoðunar fyrir næsta úthlutunartímabil. Lagt var til að skerpa þyrfti á því í umsóknarformi um hvaða tímabil verið er að sækja um styrk fyrir. T.d. þó að verkefni sé til þriggja ára þá er sjóðurinn aðeins að styrkja þann hluta verkefnisins sem fer fram á því umsóknartímabili sem um ræðir hverju sinni.

Einnig var rætt stuttlega að sjóðurinn þyrfti að vera meðvitaður um það hvar eignin á verkefninu liggur og að öll fjármálaumsýsla fari í gegnum ábyrgðarskóla hvers verkefnis.

Næst var rætt um flokkun umsókna og yfirferð þeirra. Ákveðið var að fyrir næsta úthlutunartímabil myndi umsýsluaðili fá aðgang að málaskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins þannig yrði öll vinnan skilvirkari. Einnig var talið að betra væri ef umsýsluaðili myndi prenta út allar umsóknir og nauðsynleg fylgiskjöl og skipta

þeim á milli stjórnarmanna. Þannig þyrftu stjórnarmenn ekki að skoða umsóknir inn í nefndaraðgangi stjórnarráðsins eins og gert var á síðasta umsóknartímabili.

Í framhaldi af því var lagt til að ef til vill mætti flokka umsóknir þannig að þeim yrði skipt á milli stjórnarmeðlima með sérþekkingu þeirra í huga. Í því samhengi mætti einnig hafa í huga að ef til vill væri best að þegar umsóknum væri skipt upp á milli nefndarmanna að þeir fengju aðeins umsóknir af tveimur mismunandi skólastigum. Ákveðið var að þessa skiptingu þyrfti að skoða betur þegar að upplýsingar um umsóknirnar lægju fyrir.

Almennt taldi stjórnin að flokkunin þyrfti að vera ýtarlegri og betri en síðast þar sem áherslusviðin eru fleiri og svo er umsækjendum einnig gefinn kostur á því að sækja um framhaldsstyrki fyrir verkefni sem hlutu styrk á síðasta úthlutunarári.

Stjórnin ræddi nokkra möguleika á grunnflokkun umsókna, það er t.d að flokka umsóknir eftir skólastigum eða þeimum en ekki var tekin endanlega ákvörðun um það á fundinum hvaða flokkunarkerfi yrði notað. Stjórnin taldi hins vegar mikilvægt að sérstaklega yrði haldið utanum framhaldsumsóknir og var ákveðið að í umsóknareyðublaði yrði settur sérstakur reitur þar sem fram kæmi að um framhaldsumsókn væri að ræða.

Almennt töldu stjórnarmenn að það verklagsferli sem notað hafið verið á síðasta tímabili hefði gefist ágætlega. Þ.e að flokka umsóknir í „já“, „nei“ og „kannski“ flokka. Hins vegar taldi stjórnin að það væri mikilvægt að fara enn betur yfir verkáætlanir þeirra umsókna sem flokkaðar eru í „já“ flokk.

Næst var rætt um rafræna umsóknareyðublaðið. Ákveðið var að breyta uppsetningu þess, bæta inn dálkum og setja inn skýringar svo að umsækjendur geti betur áttað sig á því hvað verðið er að biðja um í sumum reitum umsóknareyðublaðsins. Rósa Gunnarsdóttir ásamt vefstjóra ráðuneytisins munu sjá um að fara yfir þessi mál og uppfæra umsóknareyðublaðið.

2. Önnur mál

Ákveðið var að halda sig við næsta áætlað fundartíma, þann 12. apríl. 9:30-12:00. Á þeim fundi yrði farið yfir verkferil næsta umsóknartímabils ásamt fleiru. Ákveðið var að næsti fundur þar á eftir yrði haldinn 17. maí kl. 9:30-12:00, það yrði fyrsti fundur í yfirferð umsókna.

Fundi var slitið kl. 16:55.